

## Viltu styðja mannréttindi barna?

**Barnaheill - Save the Children á Íslandi** eru 27 ára gömul félagasamtök og hluti af alþjóðasamtökunum Save the Children, stærstu frjálsu alþjóðasamtökum í heimi sem berjast fyrir réttindum og velferð barna.

Samtökin hafa **Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna** að leiðarljósi í öllu starfi sínu og vinna bæði að innlendum og erlendum verkefnum, þó áhersla hafi alla tíð verið á innlend verkefni. Helstu verkefni Barnaheilla snúa að **baráttu gegn ofbeldi á börnum, baráttu fyrir jöfnum tækifærum barna** og að því að **efla áhrifamátt barna** í íslensku samfélagi.

Í vor munum við hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi gefa út í fimmta sinn **árlegt tímarit okkar**. Að vanda verður efni blaðsins fjölbreytt. Forsíðuviðtal blaðsins er að þessu sinni við **forsetahjónin** og höldum við áfram að kynna **Vináttu – forvarnarverkefni okkar gegn einelti**. Verkefnið er nú komið í notkun í hátt í 30% allra leikskóla á Íslandi og áhugavert að fylgjast með hversu vel því hefur verið tekið bæði af starfsfólki, foreldrum og börnunum sjálfum. Grunnskólaefni Vináttu er nú í undirbúningi og verður tilraunakennt í 10-12 skólum á haustdögum.

**Tímaritið** verður gefið út í 4-**5000** A4 eintökum og dreift um allt land. Þetta **36-40 síðna** blað verður fullt af áhugaverðum greinum, viðtölum og umfjöllunum um þau verkefni sem við erum að vinna að, ásamt því að vera ríkulega hlaðið ljósmyndum.

Hvert framlag skiptir okkur miklu máli og því biðlum við til ykkar að **leggja okkur lið** í formi styrktarlínu/fyrirtækjamerkis í umræddu blaði.

**Merki (lógó)**            **kr. 20.000**  
**Styrktarlína**        **kr. 7.000**

Það er von okkar að þið getið lagt okkur lið með þessum hætti og stulað í leiðinni að velferð og bættum mannréttindum barna.

Með fyrirfram þökk,  
Barnaheill - Save the Children á Íslandi

